

Norðfirðingur

3. tölublað 2002

27.árgangur

Síldarball

Hið árlega síldarball verður haldið í Gullöldinni Hverafold 5 í Grafarvogi laugardaginn 26. október.

Húsið verður opnað kl 2100.

Aðgangseyrir 1000Kr

Nú mætum við öll og eigum góða stund saman. Það verður síld að heiman og fleira skemmtilegt.

Viðtakandi



Vetrarstarfið

Á síðasta fundi stjórnarinnar voru ræddir ýmsir möguleikar um vetrardagskrá. Þar var nefnt áframhaldandi gönguferðir, Spilakvöld og fleira. Okkur í stjórninni þætti vænt um að heyra frá félagsmönnum og fá ráðleggingar og tillögur. Félagið er jú félagsmennirnir og vilji þeirra. Rætt hefur verið um að safna netföngum þeirra félagsmanna sem hafa netföng og gefa Norðfirðing síðan út á netinu og senda þeim sem hafa netpóst, en senda aðeins fréttabréf til þeirra sem hafa ekki aðgang að netinu. Þetta verður töluverður sparnaður fyrir félagið ef vel tekst til. Útgáfa Norðfirðings er nefnilega nokkuð dýr.

Ný heimasíða Fjarðarbyggðar

Við viljum benda á nýja heimasíðu Fjarðarbyggðar <http://www.fjardabyggd.is> á síðunni eru ýmsar upplýsingar og fréttir að austan sem gaman er að fylgjast með.

Gönguferðir

Síðastliðið sumar voru farnar gönguferðir samkvæmt áður auglýstri dagskrá. Það verður að segjast að þátttakan koma á óvart og er óhætt að segja að þetta hafi tekist vel. Það mættu ótrúlega margir, sérstaklega í fyrstu gönguferðina. Það var

almenn ánægja með þessar gönguferðir og verður þeim örugglega haldið áfram.

Umsjón með sumarhúsi.

Í sumar eins og undanfarið hafa þær Kristín Brynjarsdóttir og Lilja Hulda Auðunsdóttir séð um íbúðina fyrir austan. Kristín hefur séð um afhendingu á lyklum að íbúðinni. Lilja Hulda hefur litið eftir að umgengni sé í lagi og réttvikið ýmsu smálegu í íbúðinni sem betur má fara. Ég hef nú grun um að það sé nú bísna mikið sem hún hefur tekið sér fyrir hendur. Við megum vera þeim Kristínu og Lilju Huldu þakklát fyrir umönnunina. Við í stjórninni viljum senda þeim kærar þakkir og vona að félagsmenn hugsi hlýtt til þeirra fyrir dugnaðinn. Við eigum hauka í horni þar sem þær eru.

Sumarhús ,úthlutu og verð.

Nú er hafinn vetrartími í úthlutun sumarhússins. Þar gildir reglan fyrstir koma fyrstir fá. Þeir sem hafa áhuga geta sótt um hjá Stefáni eða öðrum í stjórninni. **Aðeins skuldlausir félagar fá íbúðina leigða.**

Verð

Vetrartími 1. vika	12000kr
Vetrartími 1. helgi	6.000 kr

Félagsgjöldin

Við viljum minna féлага á að greiða félagsgjöldin

Úthlutun á sumarhúsi

Stefán Herbertsson í síma 551 1052 eða 6603392

Vilt þú gleðja ættingja og vini fyrir austan, þá eru blóm vel við hæfi.

Sendum heim VISA EUROCARD

Blómabúðin Laufskálinn

S.477-1212 Fax 477-1012

Kristín Brynjarsdóttir heima 477-1128

Félagsgjald greiðist á:

reikning 0101-26-11959 Landsbankinn

Kennitala Norðfirðingafélagsins er 4902697119

Útgefandi: Norðfirðingafélagið, Dunhaga 17 107 R-vík.

<http://www.islandia.is/nordfjordur>

Formaður: Tómas Hilmarsson

Ritstjóri: Stefán Þór Herbertsson (551 1052)